

**63. fundur skráningarráðs, haldinn miðvikudaginn 12. október 2011 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 9-11.**

Fundarmenn: Þóra Sigurbjörnsdóttir formaður, Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir, Gunnhildur Loftsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis.

- 1. Fundargerð 62. fundar,** lesin yfir og samþykkt.
- 2. Undanþágubeiðnir vegna skráningarheimildar.** Tvær undanþágubeiðnir voru samþykktar fyrir síðasta skráningarnámskeið í Gegni. Áður hafði ein undanþága verið veitt. Skráningarráð gerir engar athugasemdir. Lista með nöfnum þátttakendanna 10 dreift.
- 3. Verkefni gæðahóps.** Sigrún Hauksdóttir segir frá verkefnum hópsins og sýnir hvaða verkefni liggja fyrir og hver staða þeirra er. Þetta eru: a) SFX krækjur – hvernig þær hjálpa við tengingu milli rafræns efnis og hvar.is ; b) timarit.is – hvernig hægt er að keyra slóðir þaðan inn í Gegni (sbr. 62. fund skráningarráðs) og lyklun tímarita í Gegni ; c) skráningarsnið – þar er ýmislegt komið í gang í skráningarþætti ; d) nafnmyndastjórn – það er endalaus vinna eins og gefur að skilja ; e) MSL-færslur á villigötum ; f) yfirferð á hjálp fyrir svið – þar er ætíð þörf á uppfærslum, sumt breytist, annað dettur út, við þurfum að gæta að séríslenskri aðlögun, t.d. varðandi mannanafnasviðin ; g) keyrslulistar h) afleiddar færslur/afsprengi – hve mörg „klikk“ þarf til að gera greinifærslu? ; i) reglubundnar uppfærslur ; j) þekkingaröflun – RDA vefurinn o.fl. Landsbókasafn er komið með 2 aðgangsheimildir og fylgst er vel með ; k) breytingar á indexum ofl.
- 4. RDA ráðstefna í Puerto Rico.** Þóra segir frá ráðstefnu sem n.k. skráningardeild IFLA hélt á undan IFLA ráðstefnunni í ágúst. Þar var aðalumfjöllunarefnið upptaka RDA, þróun og prófanir hjá prófunarþjóðunum fjórum: Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi og Ástralíu. LOC ætlar að hefja almenna þjálfun í júní 2012 og innleiða kerfið hjá sér í janúar 2013. Hinir sigla í kjölfarið. Þóra segir frá könnun meðal prófenda um RDA og greinilegt að sitt sýnist hverjum. Helsta gagnrýni er á hátíðlegt málfar, þunglamalegan vef og illskiljanleg hugtök, auk þess sem offlæði þykir af upplýsingum og ekki er ljóst hvað þarf að vera í forgangi þegar þjóðir þýða mikilvægustu reglur. Helstu kröfur eru um endurritun á RDA vefnum og að reglurnar og dæmasafn verði á skiljanlegu máli. Sumar þjóðir t.d. Þjóðverjar og Frakkar ætla að þýða RDA reglur fyrir innleiðingu og það er dýrt og tekur tíma. Við fylgjumst með og megum ekki sofna á vaktinni.
- 5. Starfshópur um skráningu á sýningarskrám – staða verkefnis.** Hildur segir frá að komið er skjal frá hópnum. Það verður sent skráningarráði til yfirlestrar og tekið fyrir í framhaldi af því.
- 6. Tónlistarhópur.** Þóra hafði samband við tónlistarskrásetjara og til er orðinn vinnuhópur.

7. **Fræðslufundur skrásetjara** er fyrirhugaður 4. nóvember n.k., kl. 13.30-16 í Þjóðarbókhöðunni. Hildur og Sigrún munu móta dagskrána og verður hún birt þegar nær dregur. Full þörf er á svona fundum og margt að ræða. Sérstakur efnisorðafundur verður svo haldinn 25. nóvember.
8. **Önnur mál.** Skjal skráningarráðs um myndbönd og mynddiska. Röð deilisviða sem gefin er upp í kafla þess um rafræna staðsetningu er ekki rétt í skjalinu, Hildur mun leiðrétta það. Í framhaldi af því er rætt um önnur eldri skjöl skráningarráðs og hvort þörf er á endurskoðun. Gunnhildur og Hildur munu skoða skjalið um hljóðbækur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11. Næsti fundur verður haldinn 9. nóvember.